

Fundargerð 122. fundar Fræðslusjóðs
Þriðjudaginn 25. október 2022 kl. 13:00-14:30.
Haldinn í Skipholti 50b.

Mætt: Hulda Anna Arnljótsdóttir, Eyrún Björk Valsdóttir, Finnbogi Sveinbjörnsson, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Karl Rúnar Þórsson, Magnús Ingvason, Margrét Sigurðardóttir.

Frá FA: Björn Garðarsson.

DAGSKRÁ

1. Fundargerð 120. fundar og 121. fundar (fskj. Fundargerð 120. fundar, fundargerð 121. fundar.)

Afgreiðsla: Fundargerðir 120. og 121. fundar voru samþykktar án athugasemda. Fundargerðirnar verða sendar fundarmönnum til rafrænnar undirritunar.

2. Úthlutun 2023

a. **Skipting sjóðs** (fskj. 02 Úthlutun 2023)

Afgreiðsla: Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir 2023 eru 887.600.000 áætlaðar til Fræðslusjóðs. Samþykkt var skipta sjóðnum á eftirfarandi hátt, með fyrirvara um endanlega niðurstöðu fjárlaga:

	Umsóknir 2023	Samþykkt skipting 2023
Námsleiðir	767,132,000	535,000,000
Náms- og starfsráðgjöf	219,658,500	150,000,000
Raunfærnimat	214,449,190	160,000,000
Þróunarverkefni	-	35,000,000
Óráðstafað		7,600,000
Samtals	1,201,239,690	887,600,000

b. **Úthlutun til námsleiða**

Afgreiðsla: Samþykkt var að úthlutun til námsleiða verði sem hér segir, með fyrirvara um niðurstöður fjárlaga:

Fræðsluaðili	Námsleiðir		Fræðsluaðili	Námsleiðir	
	2023			2023	
Mímir-símenntun	190,421,000		Símenntun Vesturlandi		23,036,000
Framvegis	53,413,000		Fræðslumst. Vestfj.		20,122,000
Starfsmennt	-		Farskólinn NV-landi		14,034,000
ÍÐAN	2,998,000		SÍMEY		66,767,000
Rafmennt	-		Þekkingarn. Þingeyinga		10,210,000
			Austurbrú		22,972,000
			Fræðslunet Suðurlands		42,065,000
			Viska Vestmannaeyjum		10,361,000
			MSS		78,601,000
Samt. höfuðb.svæðið	246,832,000		Samt. landsbyggðin		288,168,000
			Samtals allt		535,000,000

c. **Úthlutun til náms- og starfsráðgjafar**

Afgreiðsla: Samþykkt var að úthlutun til náms- og starfsráðgjafar verði sem hér segir, með fyrirvara um niðurstöðu fjárlaga:

Fræðsluaðili	Ráðgjöf 2023	Fræðsluaðili	Ráðgjöf 2023
Mímir-símenntun	26,594,000	Símenntun Vesturlandi	10,672,000
Framvegis	6,053,000	Fræðslumst. Vestfj.	6,274,000
Starfsmennt	843,000	Farskólinn NV-landi	4,564,000
ÍÐAN	38,175,000	SÍMEY	11,687,000
Rafmennt	3,009,000	Þekkingarn. Þingeyinga	7,754,000
		Austurbrú	5,616,000
		Fræðslunet Suðurlands	10,774,000
		Viska Vestmannaeyjum	4,034,000
		MSS	13,951,000
Samt. höfuðb.svæðið	74,674,000	Samt. landsbyggðin	75,326,000
		Samtals allt	150,000,000

d. **Úthlutun til raunfærnimats**

Afgreiðsla: FA hefur ekki lokið við að meta umsóknir um raunfærnimats-verkefni og tillögu til stjórnar. Frestast því afgreiðsla til næsta fundar.

3. **Umsókn um styrk til Næsta skref um gerð vegvísis.**

Afgreiðslu frestað á síðasta fundi.

Afgreiðsla: Ekki liggur enn fyrir afstaða félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins hvort Fræðslusjóði sé heimilt að veita Fræðslumiðstöðinni styrk til gerðar starfaáttavita á vefnum Næsta Skref. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

4. **Ný námskrá á verðlista Fræðslusjóðs. [Efling stafrænnar hæfni: grunnnám í forritun](#)** (fskj. 04. Efling stafrænnar hæfni-Yfirlit) Námskráin er 65 klukkustundir með leiðbeinanda (80 klst. vinna námsmanns). Framlag Fræðslusjóðs 1,710,000 og hlutur þátttakenda 24,000.

Afgreiðsla: Samþykkt. FA falið að skoða tengsl námskrárinnar við annað vottað tölvu- og forritunarnám m.t.t. stífganda/skýrleika þannig að nemendur viti, a.m.k., hvort hún er framhald, fornám eða hluti af annarri vottaðri tölvu-og/eða forritunarnámskrá á verðlista Fræðslusjóðs.

5. **Erindi frá samstarfsaðilum:**

a. **Fræðslunetið Suðurlands v. fjármögnunar á [Uppleið](#)** (fskj. 05 Uppleið-Erindi til stjórnar)

Afgreiðsla: Afgreiðslu var frestað. Fara þarf gætilega í að móta undanþágureglur þegar kemur að verðlista Fræðslusjóðs. Þarf að hafa í huga við endurskoðun verðlista sjóðsins.

6. **Verðlisti 2023** (fskj. 06 Verðlisti 2022)

Afgreiðsla: Frestað til næsta fundar.

7. **Önnur mál**

a. **Afmælisfundur FA**

Björn minnti á árs- og afmælisfund FA sem haldin verður á Grand Hótel þriðjudaginn 1. nóvember og hvatti stjórnarmenn til að mæta.